

B90 – Sikileyjarvörn (Najdorf)
Milan Horvat (SLO, 2384 AM)
Daði Örn Jónsson
 Undanúrslit 9. Evrópumóts landsliða

Þessi skák var teft í undanúrslitum níundu Evrópukeppni landsliða, sem jafnframt var fyrsta bréfskák mótið sem ég tók þátt í. Andstæðingur minn, slóvenski alþjóðlegi meistarinn Milan Horvat, er reyndur bréfskákmaður og hefur teft á fimmta hundrað bréfskákir.

1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.d4 cxd4 4.Rxd4 Rf6 5.Rc3 a6 6.Be3 e5 7.Rb3 Be6 8.f3

Hin sívinsæla Enska árás í Najdorf-afbrigðinu.

8...h5



Þessi leikur, sem rússneski stórmeistarinn Konstantin Sakaev beittir fyrstur manna 1995, hefur notið vinsælda, m.a. fyrir tilverknað Topalovs sem hefur oft beitt honum. Margir aðrir sterkir skákmenn hafa einnig notað þessa uppbyggingu eða mætt henni með hvítu og því er töluverð reynsla komin á hana. Hugmyndin er að koma í veg fyrir framrás g-peðs hvíts. Leikurinn beinir skákinni inn á allt aðrar brautir en þegar svartur fer hefðbundnari leiðir við að próa stöðuna.

9.Rd5

9.Dd2 er einnig algengt. Hvítur getur þá í framhaldinu valið um að hróka langt eða stutt.

9...Bxd5

Svartur verður að skipta upp á d5 því 9...Rbd7 er svarað með 10.c4! og hvítur stendur betur.

10.exd5 g6

Mun algengara er að leika hér 10...Rbd7 en eftir 11.Dd2 g6 kemur upp sama staða og í skákinni.

11.Dd2 Rbd7 12.Ra5

12.O-O-O Rb6 (12...Bg7!?) 13.Da5 Bh6 14.Bxh6 Hxh6 15.Kb1 Hc8 16.Db4 ... 1-0 (40), Viswanathan Anand - Veselin Topalov, Corus A, 2008.

12.Be2 er einnig vel þekkt í þessari stöðu.

12...Dc7 13.a4

Langalgengasti leikurinn í bréfskák, en einnig hefur verið leikið hér 13.Be2 og 13.c4.

13...Bg7



Svartur hefur trúlega jafnað taflíð hér þótt hvítum hafi gengið aðeins betur í þeim skákum sem teftar hafa verið.

14.Rc4 O-O 15.a5



15...e4

Þeim rúmlega 20 skákum þar sem þessi staða hafði komið upp lauk með jafntefli, nema hvað hvítur vann eina skák. Það var því ljóst að eitt-hvað sérstakt þurfti að koma til svo þessi skák hlyti ekki sömu örlög, sérstaklega í ljósi þess að hér var við reyndan andstæðing að eiga. Í einni af fáum kappskákum þar sem staðan eftir 15.a5 hefur komið upp lék Lazaro Bruzon 15...Hfe8 16.O-O-O (16.Be2!?) 16...Hac8 (16...e4!?) 17.Db4 Bf8 18.Be2 e4 19.f4 Rg4 20.Bxg4 hxg4... 0-1 (36), Yuniesky Quesada Perez - Lazaro Bruzon Bautista, World Chess Cup 2011, 2011.

16.O-O-O Hfe8 17.Bf4

Hvítur herjar á veikleikann á d6. Annar möguleiki er 17.Kb1 eins og í skákinni Ioan Călin Chiru (2532, SIM) - Ron A. H. Langeveld,

(2694, GM), ICCF Olympiad 17 Final. Þess má geta að líklegt er að Hollendingurinn Langeveld muni verða 26. heimsmeistarinn í bréfskák.



17...Bf8

Hér var freistandi líta framhjá hótun hvíts um að vinna d6-peðið og leika 17...b5 en eftir hina ævintýrlegu leikjaröð 18.Rxd6 Rc5 19.De3 Rd3 20.Bxd3 Rxd5 21.Dd2 Rc3 endar skákin nær óhjákvæmilega í jafntefli, t.d. eftir 22.Rxe8 Dxa5 23.Dxc3 Bxc3 24.bxc3 Dxc3 1/2-1/2, Stefan Mlynarcik - Miroslav Wurschner, C21/final, 2011.

18.Bg5



18...h4!?

Nýjung sem hvorki hafði sést í kappskákum né bréfskákum áður. Peðsfórinn byggir á því að veikja tók hvíts á c1-h6 skálínunni og sér í lagi e3-reitnum. Það er stór kostur við þennan leik, að í framhaldinu koma upp stöður þar sem skákforritin eru oft ósammála um besta framhaldið fyrir hvítan og þegar þau eru sammála þá getur orðið dýrkeypt að fylgja þeirra ráðum. Það má því segja að þau „skilji“ ekki þær stöður sem koma upp.

Fram að þessu hafði alltaf verið leikið 18...Hac8 sem jafnframt er sá leikur sem skákforritum líst best á. Gallinn er sá, að öllum nema einni

skákanna lauk með jafntefli. Í stað þess að feta þá jafnteflisbraut kaus ég að fórna h-peðinu.

19.Bxh4

Í bréfskák sem hófst nokkrum mánuðum seinna, var sama afbrigði teft. Þetta var í undankeppni heimsmeistaramótsins (kandídatamót). Þar hafnaði hvítur peðsfórinn með því að leika 19.Df2 Staðan er enn flókin og rík af möguleikum eftir þennan leik, þótt keppendur semdu um skiptan hlut eftir stutta baráttu: 19...h3 20.Hg1 Hab8 21.Kb1 Hbc8 22.gxh3 exf3 23.Bxf6 Rxf6 24.Dxf3 Bg7 25.Bd3 Dc5 26.h4 Rxd5 27.h5 Db4 28.hxg6 Rc3 1/2-1/2, Bernard Campant (2428) - Nigel Robson (2540, SIM) , WC31/ct01, 2011.



19...Hac8!

Við Nigel Robson (fjórði stigahæsti Englendingurinn um þessar mundir) höfum væntanlega báðir fengið hugmyndina að h4-leiknum úr tölvuskákum þar sem honum hafði verið leikið nokkrum sinnum. Þetta var þó ekki leikur sem forritin fundu á eigin spýtur heldur léku þau honum upp úr byrjanabókum sem eigendur forritanna höfðu útbúið.

Í þeim var þó einungis að finna framhaldið 19...e3!?! Það má því segja 19...Hac8 sé hin raunverulega nýjung í skákinni. Eftir ítarlega skoðun sýndist mér hins vegar að hróksleikurinn væri vænlegri til árangurs ef svartur vildi tefla upp á vinning. Hann virkar rólegri, en viðheldur hótuninni um að leika e-peðinu áfram.

20.Kb1!

Öruggasti leikurinn. Houdini vildi leika 20.Dc3 en eftir 20...e3 er riddarinn á f6 friðhelgur: 21.Bxf6 e2 22.Bxe2 Hxe2 og hvítur ræður ekki við að valda riddarann, biskupinn og c2-peðið, allt í senn. 23.Rb6 Rxb6 24.axb6 Dd7 25.Dd3 Hcxc2 og svarta staðan er vænleg. Eftir 20.c3, sem Rybka vill leika, fylgir líka 20...e3 og svartur hefur ekki yfir neinu að kvarta.

20...e3

Þessi leikur væri ekki mögulegur ef hvíti

biskupinn stæði enn á g5, svo hér kemur fyrsta uppskera eftir peðsfórnina í hús.

21.De2

Hvítur má að sjálfsgöðu ekki taka peðið vegna veikleikans á c2 og drottningin er þvinguð til að fara á e2 þar sem aðrir leikir leiða til betra tafls fyrir svart, t.d. 21.Dd3 Rxd5!

21...Dc5

Virkjar drottninguna, valdar e3-peðið betur og þrýstir á d5 auk a5.

22.Bxf6 Rxf6 23.Rb6

Eftir 23.Dd3 kemur til greina að leika 23...e2.

23...Hcd8 24.De1

Hvítur verður að koma biskupnum á f1 í gagnið með einhverjum hætti. Það er ekki seinna vænna að ljúka liðsskipan!

24...Rd7 25.Ra4 Dc7

Eftir þennan leik rannsakaði ég stöðuna ítarlega. Niðurstaðan var sú, að þrátt fyrir að hún sé enn í jafnvægi þá sé hvíta staðan mjög viðkvæm. Að auki býr staðan yfir mikilli dýpt og það hefur m.a. þær afleiðingar að stórhættulegt er að treysta skákforritunum í blindni. Þetta einkenni stöðunnar helst í framhaldinu, svo ég var nokkuð bjartsýnn þegar hér var komið sögu.



26.Be2!

Andstæðingur minn hækkaði mikið í áliti hjá mér þegar ég sá þennan leik. Þetta er trúlega eini leikurinn sem heldur stöðunni í jafnvægi hversu ótrúlega sem það kann að hljóma.

Sterkustu skákforritin mæla hins vegar með 26.h4 og telja stöðuna nokkurn veginn jafna eftir það. Sá leikur lítur mjög eðlilega út og vafalítið mundu margir skákmenn leika honum ef þeir fengju upp þessa stöðu í kappskák. Framhaldið hefði hins vegar geta orðið (leiki hvíts byggir á því sem Rybka og Houdini telja best) 26...Bg7 27.Bd3 b5 28.Rb6 Rc5 29.h5 e2! Þennan leik sáu skákforritin ekki fyrir í 26. leik! 30.Hd2. Rybka og Houdini voru sammála um leiki hvíts fram að þessu og töldu stöðuna enn jafna (+0.00), en Komodo var farið að gruna að

ekki væri allt með felldu í hvítu herbúðunum (-0.33). (30.Bxe2 gengur ekki vegna 30...Ra4! 31.hxg6 Rxb2 32.gxf7 Dxf7 33.Dh4 Rxd1 34.Bxd1 Df5 og svartur er með unna stöðu)

30...Rxd3 31.Hxd3 De7 32.Hb3 Hérna sáu Rybka og Houdini loks að það var eitthvað verulega bogið við hvítu stöðuna, en hún er illverjanleg eftir 32...Dg5.

26...b5 27.Rb6 Rxb6 28.axb6 Dxb6

Svartur hefur nú unnið til baka peðið sem hann fórnaði í 18. leik. Svarta staðan er vissulega þægilegri, en þó á hvítur líka mótspil og hann hefst strax handa.


29.h4

Eftir þennan leik hvíts, líkt og í nokkrum öðrum stöðum í skákinni, gat ég valið á milli leikja sem virtust álíka góðir. Eg bar þá saman og reyndi að velja það framhald sem hafði í för með sér mestar líkur á að hvítur misstigi sig.

29...b4 30.h5 b3 31.c4

Helsta vandamál hvíts er að nú er biskupinn múraður inni af eigin peðum og axlar auk þess þá ábyrgð að varna frekari framrás e3-peðsins. Kollegi hans hinum megin á borðinu sér hins vegar fram á bjarta framtíð á a1-h8 skálínunni.

31...gxh5 32.Hxh5 Bg7 33.Hg5



33...He5!

Einnig kom til greina að fylgja ráðum Rybka og Houdini og leika 33...Kf8 en hugmyndin á bak við hróksleikinn er að koma hróknum yfir á h-línuna þar sem honum opnast leið inn í herbúðir hvíts. Það hefði ekki unnist tími til þess ef leikjaröð skákforritanna hefði verið fylgt. Á hinn bóginn felur þessi tilfærsla í sér að gefa stolt svörtu stöðunnar, e3-peðið, upp á bátinn svo þetta var ekki auðveld ákvörðun.

34.Hg4 Kf8 35.Hd3 Hh5

Svartur heldur sinni áætlun þótt skákforritin vildu leika 35...Hb8.

36.He4

Hvítur nýtir sér að svarti hrókurinn er farinn af e-línunni og valdar ekki lengur peðið á e3.

36...a5 37.f4

Hvítur þarf ekki að flyta sér að taka e3-peðið og notar tækifærið meðan svartir hrókurinn er enn á h5 til að vinna tíma og um leið skapa smá andrými fyrir biskupinn á e2.

37...Hh2 38.Bf3

Hvítur lendir í vandræðum eftir 38.Bf3? Hh1! 39.Hdxe3 Bf6 o.s.frv. Þarna kemur í ljós einn kosturinn við að hafa hrókinn á h-línunni.

38...a4 39.Hdxe3

Þegar hér er komið sögu telja skákforritin enn að staðan sé nokkurn veginn í jafnvægi. Í reynd hefur svartur hins vegar hægt og bítandi verið að byggja upp betri stöðu. Hvítur er kominn í alvarleg vandræði þrátt fyrir glæsilega uppstillingu á e-línunni (með máthótun) og að vera peði yfir á nýjan leik.



39...Db8

Kemur í veg fyrir mátið á e8.

40.Dg1 Hh6 41.He1 Bf6

Ég tel svörtu stöðuna nú nánast unna, þótt ekki sé hægt að merkja það af mati skákforritanna. Þau fara hins vegar að átta sig betur á stöðunni í næstu leikjum.



42.De3 a3


Svartur fórnar öðru peði í þeim tilgangi að veikja

kóngsstöðu hvíts enn frekar.

43.bxa3 Da8 44.Dc1 Da5 45.H4e3 Hb8

46.Hd3 Dc5


Hvítur á sér ekki viðreisnar von.



47.g4 Hh2 48.He2 Hxe2 49.Bxe2 He8 50.g5 Bg7 51.f5

Hvítur getur ekki forðað biskupnum. Svartur svarar 51.Bh5 með 51...Df2 og 51.Bd1 með 51...He1.

51...Hxe2 52.f6



Í fljótu bragði virðist úti um svarta biskupinn því ekki er hægt að bjarga honum með 52...Bh8 vegna 53.Hh3 og hvítur vinnur.


52...Kg8! 53.Hxb3

Hvítur verður að sleppa biskupnum, því eftir 53.fxg7 Df2 tapar hann drottningunni eða verður mát.

53...Bf8

Þótt biskupinn sé sloppinn er hann innikróaður og óvirkur. Hvítur er með þrjú peði fyrir biskupinn, sem gefur honum ákveðnar jafnteflisvönir.

54.Hb2



54...He4!

Hvítur hefur þrjú peð fyrir biskupinn og svartur þarf enn að gæta sín svo vinningurinn renni honum ekki úr greipum. Ég kaus þennan leik í stað 54...He3, sem skákforritin vildu leika, því þá leikur hvítur 55.g6 og nær að skipta upp á næstsíðasta peði svarts því 55...fxg6 er svarað með 56.Dg1. Ég vildi hins vegar halda f7-peðinu. Að öðrum kosti er hættu á, að hvítur nái uppskiptum á síðasta peði svarts og þá geta komið upp endatöfl sem erfitt eða ógerlegt er að vinna.

55.Hc2


Nú getur svartur svarað 55.g6 með 55...fxg6 sem vinnur einfaldlega peðið.

55...Hg4

Næsta skref er að vinna g5-peðið og opna þar með útgönguleið fyrir biskupinn á f8.

56.Ka2 Dc8 57.Kb3 Df5 58.De3 Hxg5 59.Hf2 Dg6 60.Hf3 Bh6

Þá hefur svartur náð markmiði sínu, en engu að síður verður hann að tefla framhaldið af nákvæmni til að koma í veg fyrir að hvítur nái að skapa sér jafnteflismöguleika með framrás peðanna á drottningarvæng.




61.Dd3 Kf8

Færir kónginn nær átakasvæðinu og kemur í

veg fyrir að hvítur geti leikið f7 með skák eftir að skipt verður upp á drottningum.

62.a4 Hg1 63.Dxg6 fxg6 64.a5 Bd2 65.a6 Ha1 66.Hd3 Bf4 67.c5 dxc5 68.d6 Hxa6 69.d7 Bc7



Hér gaf svartur, því hróksendataflið eftir 70.d8=D Bxd8 71.Hxd8 Kf7 72.Kc4 Kxf6 leiðir til máts í 35 leikjum eins og hægt er að ganga úr skugga um með því að fletta upp í endataflsgrunnum.

Það var því á endanum f7-peðið sem gerði útslagið í skákinni – peðið sem svartur kom í veg fyrir uppskipti á í 54. leik.